



Bandalag íslenskra listamanna

Federation of Icelandic artists

Reykjavík 13.04.2023

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menningarmálanefnd

Efni: Umsögn Bandalags íslenskra listamanna um Frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001

Bandalag íslenskra listamanna eru heildarsamtök fagfélaga listamanna í landinu. Listamenn í fjölmörgum greinum eiga mikið undir í því fjölbreytta starfsumhverfi sem kvikmyndagreinin er. BÍL hefur því fagnað þeirri viðamiklu og góðu vinnu sem birtist í kvikmyndastefnunni sem unnin var í menningarmálaráðuneytinu 2020. Óhætt er að segja að andi þeirrar stefnu sé að íslensk kvikmyndagerð sé hvort tveggja í senn listgrein, með öflugra sjálfstæða rödd, en líka vaxandi atvinnugrein sem taki þátt í ört vaxandi umhverfi sjónvarps og kvikmyndagerðar á alþjóðavísu. Þetta eru háleit og góð markmið sem styrkja hvort annað og fara að mati BÍL ágætlega saman.

Helsta breytingin í þessum lögum er að þau bjóða upp á opnun á sjálfstæðum sjóði sjónvarpsþátta hjá Kvikmyndamiðstöð og telur BÍL það vera mjög í anda þeirrar þróunar sem á sér stað í alþjóðlegu umhverfi kvikmyndagerðar.

BÍL hefur um margra ára skeið bent á þá óásættanlegu staðreynd að í starfsumhverfi kvikmyndagerðar eru listamenn með öllu samningslausir og fagfélögum þeirra hefur reynst ómögulegt að fá framleiðendur að samningaborðinu til að semja um kaup og réttindi síns fagfólks. Eitt er, að á almennum vinnumarkaði þykir það sjálfsagt að til séu samningar við fagfélög um vinnuframlag fagfólks, hvað þá þegar stór hluti fjármögnunar verkefna er opinbert fé, fjármagn úr sjóðum almennings! Það á að gera enn ríkari kröfu um samninga, bæði um laun og réttindi listamanna.

Í kvikmyndastefnunni sem er til grundvallar þessum lagabreytingum er talað um:

“hugvitsdrifna atvinnugrein sem fellur vel að áherslum stjórnvalda um uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar á Íslandi.” og að “Kvikmyndastefna kalli eftir því að hlúð verði enn betur að mikilvægum þáttum sem styðja við uppbyggingu á sterku, sveigjanlegu og fjölskylduvænu starfsumhverfi og samkeppnishæfri kvikmyndagerð sem hefur sjálfbærni að leiðarjosi”

Þessum markmiðum verður ekki náð fram nema í sátt við fagfélög listamanna.

BÍL leggur því til að sett verði í reglugerð hjá Kvikmyndamiðstöð að úthlutun styrkja til kvikmyndagerðar sé bundið skilyrðum um að samningar við fagfélög listamanna séu til staðar og þeir virtir án undanbragða.

Það eru ekki nema orðin tóm að hér sé verið að byggja upp fjölskylduvænt starfsumhverfi samkeppnishæfrar kvikmyndagerðar, sem hafi sjálfbærni að leiðarljósi, ef ekki eru virtar almennar viðurkenndar leikregur á vinnumarkaði.

Virðingarfyllt
Erling Jóhannesson
Forseti Bandalags íslenskra listamanna



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
899. mál.
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 13.04.2023

Efni: Umsögn frá FÍL er varðar frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar o.fl.) mál nr. 899.

Það var mikið framfaraskref að móta nýja Kvikmyndastefnu og ánægjulegt að sjá að stjórnvöld og hagsmunaaðilar vinna samstíga að eflingu greinarinnar. Íslensk kvikmyndagerð er vaxandi atvinnugrein og íslenskra kvikmyndir og sjónvarpsþáttaraðir vekja athygli hérlendis og erlendis.

Við breytingu á kvikmyndalögum viljum við vekja athygli á nokkrum aðkallandi atriðum í kvikmyndastefnu íslenskra stjórnvalda sem er styrking innviða kvikmyndagerðar og starfsumhverfi.

Í inngangi að Kvikmyndastefnu 2020 – 2030 segir ráðherra menningarmála m.a.

“Hins vegar kallar stefnan eftir markvissum skrefum til þess að styrkja innviði kvikmyndagerðar enn frekar með samkeppnishæfum fyrirtækjum, framúrskarandi starfsumhverfi og sjálfbærum gildum.”

Þetta hljómar mjög vel og þegar litið er á markmið III eru tilgreindar þær aðgerðir sem ætlað er að ná markmiðum – m.a. þeim sem eru tilgreind hér fyrir neðan.

Markmið III. Sterkari samkeppnisstaða – betra starfsumhverfi (bls 14 – 16)

“Kvikmyndastefna kallar eftir því að hlið verði enn betur að mikilvægum þáttum sem styðja við uppbyggingu á sterku, sveigjanlegu og iðölskylduvænu starfsumhverfi og samkeppnishæfri kvikmyndagerð sem hefur sjálfbærni að leiðarjóni. Kvikmyndagerð skilar nú þegar umtalsverðum menningarlegum og efnahagslegum verðmætum til samfélagsins. Velta greinarinnar er að meðaltali 27 miljarðar á ári og hún er uppspretta atvinnu nokkurra þúsunda Íslendinga.”

“Stefnan kallar eftir aðgerðum sem efla starfsumhverfi kvikmyndagerðar og gera henni kleift að laða til sín hæfileikaríkt starfsfólk. Mikilvægt er að greinin tileinki sér sjálfbær gildi, en undir það falla margvísleg markmið á borð við samfélagslega ábyrgð og að iðölskyldugildi og jafnréttisjónarmið séu í hávegum hjóð. Líður í eflingu starfsumhverfis greinarinnar er að tryggja tækfæri listfólks á sviði kvikmyndagerðar til að sinna frumsköpun, líkt og gert er í öðrum listgreinum.”

Aðgerð 6. Samkeppnishæft endurgreiðslukeifi og skattaávilnanir

Aðgerð 7. Þróun kvikmyndaklasa

Aðgerð 8. Hagvísar og mælaborð

Aðgerð 9. Sterkt og sveigjanlegt starfsumhverfi

a. Fjölskylduvæn kvikmyndagerð

b. Sjá.fbær kvikmyndagerð styður við orðspor og samkeppnishæfni

c. Starfslaun hífunda kvikmyndaverka

<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Kvikmyndastefna%20til%20%20c3%a1rsins%202030.pdf>

Þetta er allt gott en mun ekki eitt og sér skapa framúrskarandi starfsumhverfi, meira þarf til.

Kvikmyndagerð á Íslandi er að stórum hluta fjármögnuð með opinberu fé og við fagið vinna þúsundir einstaklinga sem flestir starfa án kjarasamnings. Til að byggja upp betra starfsumhverfi er nauðsynlegt að ráðning starfsfólks byggji á kjarasamningum - að laun, réttindi og skyldur séu ekki einhliða ákvörðun framleiðanda í hverju verkefni. Það er á allan hátt óeðlilegt að milljörðum af opinberu fé sé varið til starfsemi þar sem launasetning þeirra þúsunda starfsmanna sem að koma byggji á geðþótta ákvörðunum örfárra einstaklinga.

Í Kvikmyndastefnu 2020 - 2030 kemur fram að stjórnvöld vilji miða íslenska starfsemi við norðurlöndin og við bendum á að þar er áratuga hefð fyrir öflugum kjarasamningsumhverfi allra sem að koma. Að starfa samkvæmt kjarasamningum er hornsteinn þess að búa til heilbriggt og gott starfsumhverfi eins og stefnt er að skv Kvikmyndastefnu til ársins 2030. Það eykur jafnrétti og gagnsæi og er mikilvægur liður í því að greinin laði til sín hæfileikaríkt fólk. Listaháskóli Íslands útskrifar leikara og nú bráðlega kvikmyndagerðarfólk og kjarasamningar þjóna mikilvægum tilgangi í því að þessir einstaklingar hefji störf að námi loknu í heilbrigðu umhverfi þar sem samið er um bæði réttindi og skyldur á tvíhliða grundvelli.

FÍL hefur ítrekað kallað eftir því að:

- Kvikmyndamiðstöð og aðrir opinberir sjóðir og fyrirtæki s.s. RÚV geri það að skilyrði fyrir úthlutun og/eða samstarfi að listamönnum sé greitt samkvæmt kjarasamningum.
- Að listamenn njóti velgengi sinna verka með þeim hætti að hagnaði sé deilt til þeirra með rétthafagreiðslum/royalties eins gert er á norðurlöndum og flestum öðrum ríkjum sem við viljum bera okkur saman við.

Royalties eða rétthafagreiðslur skipta miklu máli fyrir listamenn og þegar frumvarpinu er breytt með það í huga að hagnaði verka verði að einhverju leiti skilað til Kvikmyndasjóðs þá viljum við gera þá kröfu að listamenn verkefnisins fái einnig sanngjarnan hlut af þeim hagnaði því án þeirra væri ekkert kvikmyndaverk.

Við hvetjum alþingismenn til að lögfesta einnig það skilyrði að styrkhafar kvikmyndasjóðs greiði listamönnum og öðru starfsfólki er kemur að kvikmyndagerð laun samkvæmt kjarasamningum.

Fyrir hönd stjórnar FÍL

Birna Hafstein, formaður FÍL

Hrafnhildur Theodórsdóttir, framkvæmdastjóri FÍL



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis 899. mál.
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 13.04.2023

Efni: Umsögn frá FÍL er varðar frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar o.fl.) mál nr. 899.

Félag leikmynda- og búningahöfunda (FLB) lýsir yfir stuðningi við umsögn Félags íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum (FÍL) er varðar frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar o.fl.) mál nr. 899.

Fyrir hönd stjórnar FLB

Eva Signý Berger - formaður FLB

Drífa Freyju-Ármannsdóttir - varamaður í stjórn FLB

Félag íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum – FÍL



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
899. mál.
nefundasvid@althingi.is

Reykjavík 13.04.2023

Efni: Umsögn frá FÍL er varðar frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar o.fl.) mál nr. 899.

Það var mikið framfaraskref að móta nýja Kvikmyndastefnu og ánægjulegt að sjá að stjórnvöld og hagsmunaaðilar vinna samstíga að eflingu greinarinnar. Íslensk kvikmyndagerð er vaxandi atvinnugrein og íslenskra kvikmyndir og sjónvarpsþáttaraðir vekja athygli héraðs og erlendis.

Við breytingu á kvikmyndalögum viljum við vekja athygli á nokkrum aðkallandi atriðum í kvikmyndastefnu íslenskra stjórnvalda sem er styrking innviða kvikmyndagerðar og starfsumhverfi.

Í inngangi að Kvikmyndastefnu 2020 – 2030 segir ráðherra menningarmála m.a.

“Hins vegar kallar stefnan eftir markvissum skrefum til þess að styrkja innviði kvikmyndagerðar enn frekar með samkeppnishæfum fyrirtækjum, framúrskarandi starfsumhverfi og sjálfbærum gildum.”

Þetta hljómar mjög vel og þegar litið er á markmið III eru tilgreindar þær aðgerðir sem ætlað er að ná markmiðum – m.a. þeim sem eru tilgreind hér fyrir neðan.

Markmið III. Sterkari samkeppnisstaða – betra starfsumhverfi (bls 14 – 16)

“Kvikmyndastefna kallar eftir því að hlúð verði enn betur að mikilvægum þáttum sem styðja við uppbyggingu á sterku, sveigjanlegu og fjölskylduvænu starfsumhverfi og samkeppnishæfri kvikmyndagerð sem hefur sjálfbærni að leiðarljósi. Kvikmyndagerð skilar nú þegar umtalsverðum menningarlegum og efnahagslegum verðmætum til samfélagsins. Velta greinarinnar er að meðaltali 27 milljarðar á ári og hún er uppspretta atvinnu nokkurra þúsunda Íslendinga.”

“Stefnan kallar eftir aðgerðum sem efla starfsumhverfi kvikmyndagerðar og gera henni kleift að laða til sín hæfileikaríkt starfsfólk. Mikilvægt er að greinin tileinki sér sjálfbær gildi, en undir það falla margvísleg markmið á borð við samfélagslega ábyrgð og að fjölskyldugildi og jafnréttissjónarmið séu í hávegum höfð. Liður í eflingu starfsumhverfis greinarinnar er að tryggja tækifæri listafólks á sviði kvikmyndagerðar til að sinna frumsköpun, líkt og gert er í öðrum listgreinum.”

Aðgerð 6. Samkeppnishæft endurgreiðslukerfi og skattaávilnanir

Aðgerð 7. Þróun kvikmyndaklasa

Félag íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum – FÍL

Aðgerð 8. Hagvísar og mælaborð

Aðgerð 9. Sterkt og sveigjanlegt starfsumhverfi

- a. Fjölskylduvæn kvikmyndagerð*
- b. Sjálfbær kvikmyndagerð styður við orðspor og samkeppnishæfni*
- c. Starfslaun höfunda kvikmyndaverka*

<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Kvikmyndastefna%20til%20%a1rsins%202030.pdf>

Þetta er allt gott en mun ekki eitt og sér skapa framúrskarandi starfsumhverfi, meira þarf til.

Kvikmyndagerð á Íslandi er að stórum hluta fjármögnuð með opinberu fé og við fagið vinna þúsundir einstaklinga sem flestir starfa án kjarasamnings. Til að byggja upp betra starfsumhverfi er nauðsynlegt að ráðning starfsfólks byggji á kjarasamningum - að laun, réttindi og skyldur séu ekki einhliða ákvörðun framleiðanda í hverju verkefni. Það er á allan hátt óeðlilegt að milljörðum af opinberu fé sé varið til starfsemi þar sem launasetning þeirra þúsunda starfsmanna sem að koma byggji á geðþótta ákvörðunum örfárra einstaklinga.

Í Kvikmyndastefnu 2020 - 2030 kemur fram að stjórnvöld vilji miða íslenska starfsemi við norðurlöndin og við bendum á að þar er áratuga hefð fyrir öflugum kjarasamningsumhverfi allra sem að koma. Að starfa samkvæmt kjarasamningum er hornsteinn þess að búa til heilbriggt og gott starfsumhverfi eins og stefnt er að skv Kvikmyndastefnu til ársins 2030. Það eykur jafnrétti og gagnsæi og er mikilvægur liður í því að greinin laði til sín hæfileikaríkt fólk. Listaháskóli Íslands útskrifar leikara og nú bráðlega kvikmyndagerðarfólk og kjarasamningar þjóna mikilvægum tilgangi í því að þessir einstaklingar hefji störf að námi loknu í heilbrigðu umhverfi þar sem samið er um bæði réttindi og skyldur á tvihliða grundvelli.

FÍL hefur ítrekað kallað eftir því að:

- Kvikmyndamiðstöð og aðrir opinberir sjóðir og fyrirtæki s.s. RÚV geri það að skilyrði fyrir úthlutun og/eða samstarfi að listamönnum sé greitt samkvæmt kjarasamningum.
- Að listamenn njóti velgengi sinna verka með þeim hætti að hagnaði sé deilt til þeirra með rétthafagreiðslum/royalties eins gert er á norðurlöndum og flestum öðrum ríkjum sem við viljum bera okkur saman við.

Royalties eða rétthafagreiðslur skipta miklu máli fyrir listamenn og þegar frumvarpinu er breytt með það í huga að hagnaði verka verði að einhverju leiti skilað til Kvikmyndasjóðs þá viljum við gera þá kröfu að listamenn verkefnisins fái einnig sanngjarnan hlut af þeim hagnaði því án þeirra væri ekkert kvikmyndaverk.

Við hvetjum alþingismenn til að lögfesta einnig það skilyrði að styrkhafar kvikmyndasjóðs greiði listamönnum og öðru starfsfólki er kemur að kvikmyndagerð laun samkvæmt kjarasamningum.

Fyrir hönd stjórnar FÍL

Birna Hafstein, formaður FÍL

Hrafnhildur Theodórsdóttir, framkvæmdastjóri FÍL

Menningar- og viðskiptaráðuneyti

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Allsherjar- og menntamálanefnd**
Sendandi: **Menningar- og viðskiptaráðuneyti**
Dagsetning: **16.05.2023**
Málsnúmer: **MVF22080089**
Bréfalykill: **03.02**

Efni: Svar við fyrirspurn allsherjar- og menntamálanefndar um skilyrta styrki og réttindatekjur

Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar) þann 5. maí sl. var óskað eftir upplýsingum um hvort framleiðslustyrkir á hinum Norðurlöndunum til kvikmyndagerðar væru skilyrtir á þann veg að leikurum og öðru starfsfólki væru tryggð laun samkvæmt kjarasamningum. Fyrirspurnin kemur í kjölfar umsagna sem bárust um frumvarpið. Einnig var óskað eftir upplýsingum um réttindatekjur (e. royalties) á hinum Norðurlöndunum og hvort framleiðslustyrkir væru skilyrtir við greiðslu þeirra þar.

Óskað var eftir upplýsingum frá Kvikmyndamiðstöð Íslands sem hefur umsjón með rekstri og starfsemi Kvikmyndasjóðs skv. 1. tl. 3. gr. kvikmyndalaga, nr. 137/2001, um efnið.

Í svari miðstöðvarinnar segir að samningar um kjarasamningsbundin réttindi eigi sér stað milli starfsmanns og vinnuveitanda. Starfmaður og vinnuveitandi hafi sín fagfélög til stuðnings til að gæta réttinda sinna. Á hinum Norðurlöndunum hafa fagfélögin verið sterkari en hér á Íslandi og fylgt þessum málum eftir sem gerir kvikmyndastofnunum þar erfiðara fyrir að styrkja verkefni þar sem ekki er greitt skv. kjarasamningum. Eftirlitshlutverk um framfylgð kjarasamninga liggja þó ekki hjá viðkomandi kvikmyndastofnun. Styrkveitingar kvikmyndasjóða Norðurlandanna eru því ekki með tilgreindum skilyrðum. Þar er heldur ekki gert að skilyrði fyrir styrkveitingar að tryggt sé að réttindatekjur (e. royalties) séu greiddar í samræmi við samninga eða lagaákvæði.

Í 11. gr. reglugerðar nr. 229/2003 um Kvikmyndasjóð er fjallað um gögn sem skulu fylgja umsóknum og er í fjórum töluliðum fjallað um samninga sem skulu fylgja með umsóknum: í tl. 7. Skriflegir samningar eða staðfesting um fjármögnun, tl. 10 Upplýsingar um alla gerða og fyrirhugaða samframleiðslusamninga, tl. 15. Samningar við alla rétthafa og höfunda kvikmyndaverks og tl. 18. Upplýsingar um alla aðra samninga sem gerðir hafa verið um framleiðslu og fjármögnun kvikmyndar. Samningar við aðra aðila (t.d. leikara, búningahönnuði, dansara, bílstjóra o.s.frv.) sem hafa aðkomu að verkefninu á seinni stigum, heyra því ekki undir umsóknargögn í Kvikmyndasjóð enda hafa viðkomandi aðilar ekki stöðu fjármögnunaraðila eða rétthafa/höfunda í skilningi höfundalaga þegar sótt er um. Því er það ekki skilyrði við umsókn í Kvikmyndasjóð að allir samningar við þá aðila sem koma að kvikmyndaverkefni á seinni stigum liggja fyrir.

Hugtakið réttindatekjur (e. royalties) í almennum skilningi tekur til löglega bindandi greiðslna til einstaklinga eða lögpersóna vegna viðvarandi notkunar eigna eða verka þeirra. Hugtakið réttindatekjur til höfunda eða annarra rétthafa er ekki skilgreint í höfundalögum, nr. 73/1972.

Annars vegar getur verið um að ræða tekjur sem um er samið á milli einstakra rétthafa og viðsemjenda þeirra á grundvelli einkaréttar höfunda, listflytjenda, framleiðenda myndrita og hljóðrita eða útværpsstöðva. Hins vegar getur verið um að ræða réttindatekjur sem umsýslustofnanir á sviði höfundaréttar innheimta og úthluta til rétthafa, sbr. skilgreiningu í 6. tölul. 2. gr. umsýslulaga, nr. 88/2019. Þar segir að réttindatekjur séu tekjur sem sameiginleg umsýslustofnun innheimtir fyrir hönd rétthafa hvort sem þær stafa af einkarétti, rétti til þóknunar eða rétti til bóta.

Hvað varðar réttindagreiðslur á grundvelli höfundalaga vegna þóknana eða bóta vegna kvikmynda þá er einungis kveðið á í höfundalögum að bætur skuli greiddar fyrir eintakagerð til einkanota, sbr. 3. mgr. 11. gr. höfundalaga. Slíkar bætur eru innheimtar og úthlutað af umsýslustofnuninni IHM sem greiðir þær til aðildarfélaga sinna sem eru eftirtalin: STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar), SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), RSÍ (Rithöfundasamband Íslands), Hagþenkir, (Félag höfunda fræðirita og kennslugagna), BÍ (Blaðamannafélag Íslands) SKL (Samtök kvikmyndaleikstjóra) SÍK (Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda), FÍL (Félag íslenskra leikara) FK (Félag kvikmyndagerðamanna), Myndstef, Félag leikstjóra á Íslandi og Félag leikskálda og handritshöfunda.

Menningar- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Sendandi: Menningar- og viðskiptaráðuneyti
Dagsetning: 03.05.2023
Málsnúmer: MVF22080089
Bréfalykill: 03.02

Efni: Svör menningar- og viðskiptaráðuneytis vegna umsagna sem hafa borist um 899. mál – kvikmyndalög (framléiðslustyrkur til lokaþjármögnunar o.fl.).

Með tölvupósti, dags. 26. apríl sl. var óskað eftir afstöðu menningar- og viðskiptaráðuneytis til umsagna um 899. mál, kvikmyndalög. Alls bárust fimm athugasemdir frá; Samtökum íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK), Félagi leikmynda- og búningahöfunda (FLB), Félagi íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum (FÍL), Bandalagi íslenskra listamanna (BÍL) og Samtökum kvikmyndaleikstjóra (SKL).

Bandalag íslenskra listamanna leggur til að sett verði í reglugerð hjá Kvikmyndamiðstöð að úthlutun styrkja til kvikmyndagerðar sé bundið skilyrðum um að samningar við fagfélög listamanna séu til staðar og þeir virtir án undanbragða.

Félag íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum kallar eftir því að Kvikmyndamiðstöð Íslands og aðrir opinberir sjóðir og fyrirtæki s.s. RÚV geri það að skilyrði fyrir úthlutun og/eða samstarfi að listamönnum sé greitt samkvæmt kjarasamningum. Að auki að listamenn njóti velgengni sinna verka með þeim hætti að hagnaði sé deilt til þeirra með réttthafagreiddslum. Félagið tekur undir ábendingar BÍL að styrkhafar úr Kvikmyndasjóði greiði listamönnum og öðru starfsfólki er kemur að kvikmyndagerð laun samkvæmt kjarasamningum.

Félag leikmynda- og búningahöfunda lýsir yfir stuðningi við umsögn FÍL að ofan.

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda fagnar frumvarpinu en leggur áherslu á mikilvægi þess að nýjum styrkjaflokki frumvarpsins fylgi fjárframlög. Þannig er nauðsynlegt að tryggð verði heimild til hækkunar á fjárlögum til Kvikmyndasjóðs til þess að nýr styrkjaflokkur teljist raunhæfur. Að óbreyttu gengur nýr styrkjaflokkur á önnur verkefni innan sjóðsins.

Samtök Kvikmyndaleikstjóra gera engar athugasemdir við frumvarpið en taka undir umsögn FÍL að ofan.

Afstaða menningar- og viðskiptaráðuneytis

Umsagnir BÍL og FÍL vísa að stórum hluta í orðalag Kvikmyndastefnu til 2030 sem frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum byggir á.

Kvikmyndamiðstöð Íslands ber skv. 3 gr. kvikmyndalaga, nr. 137/2001, að efla kvikmyndamenningu á Íslandi og var stofnuninni falin ábyrgð á flestum aðgerðum kvikmyndastefnunnar nema annað sé tekið fram. Samkvæmt upplýsingum frá miðstöðinni var við árslok 2022 búið að hrinda ýmsum aðgerðum í framkvæmd. Til að mynda hefur miðstöðin unnið að sáttmála með félögum í kvikmyndagerð um vinnutímaviðmið, jafnrétti og öryggismál. Þar með talið að vinna gegn einelti og ofbeldi á vinnustað og áreitni og mismunun. Að auki hefur miðstöðin unnið að yfirlýsingu um sjálfbærni og fjölskylduvænt starfsumhverfi í samráði við félög í kvikmyndagerð og hefur yfirlýsingin verið innleidd í umsóknargögn. Í aðgerð 9c. í kvikmyndastefnu er fjallað um starfslaun höfunda kvikmyndaverka þar sem lagt er til að komið verði á nýjum launasjóði kvikmynda höfunda sem leikstjórum og handritshöfundum verði gert kleift að sækja um starfslaun úr líkt og tíðkast í

öðrum listgreinum. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 er á þingmálaskrá menningar- og viðskiptaráðherra á 153. löggjafarþingi.

Í reglugerð um Kvikmyndasjóð, nr. 229/2003, segir í 11. gr. um umsóknargögn og kostnaðaráætlun að umsóknir um styrki til handritsgerðar, þróunar, framleiðslu, þ.m.t. tímabundinna vilyrða til framleiðslustyrkja, eftirvinnslu og kynningar skuli vera skriflegar á þar til gerðum eyðublöðum Kvikmyndamiðstöðvar. Meðal umsóknargagna eru skv. 15. tölulið samningar við alla rétthafa og höfunda kvikmyndaverks. Í 13. gr. reglugerðarinnar segir að uppgjöri vegna styrkveitinga skuli skilað innan sex mánaða frá þeim tíma að verki telst lokið skv. úthlutunarsamningi. Uppgjör skal innihalda sömu liði og upprunaleg kostnaðaráætlun og skulu upphæðir úr kostnaðaráætlun fylgja með til samanburðar. Verði verulegar breytingar á handriti, fjármögnun eða kostnaðaráætlun frá umsókn ber styrkþega að tilkynna það Kvikmyndamiðstöð án tafar. Í slíkum tilvikum tekur forstöðumaður endanlega ákvörðun um hvort krefjast eigi endurgreiðslu styrks, að hluta eða öllu leyti, eða hvort lækka beri fjárhæð styrks sem veittur hefur verið en er ógreiddur. Allir rétthafar við gerð kvikmyndverks eru því tilgreindir í umsóknargögnum hverju sinni. Sérstaklega er fjallað um samninga um kvikmyndagerð í 41. og 42. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Fjárveitingar til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og Kvikmyndasjóðs birtast í fjárlögum ár hvert. Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021–2025 er bent á að í kvikmyndastefnunni felist tækifæri og vaxtarsprotar í kvikmyndagerð sem atvinnugrein. Kvikmyndir styrki að auki stöðu íslenskrar tungu og komi Íslandi á framfæri erlendis. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2021–2025 er tilgreint það markmið að skapa betri skilyrði fyrir fjölbreytni, nýsköpun og frumkvæði í listum og menningu. Þar er lögð áhersla á að endurskoða og einfalda umgjörð stuðnings við menningu og listir og styrkja faglega launa- og verkefnasjóði listamanna. Efni frumvarpsins tengist því markmiði í fjármálaáætlun fyrir árin 2021–2025. Ef ákvæði frumvarpsins verða óbreytt að lögum þarf að gera breytingar á reglugerð um Kvikmyndasjóð, nr. 229/2003, þar sem bætt yrði við reglugerðina kafla með útfærslu á nýjum styrkjaflokki, meðal annars um skilyrði sem verkefni þurfa að uppfylla til að vera styrkhæf, reglur um endurheimt styrkjanna og tekjuviðmið og fleiri tengd atriði. Drög að breytingu á reglugerðinni liggja fyrir og voru kynnt í Samráðsgátt samhliða frumvarpinu. Ákvæði frumvarpsins fela í sér óverulegar breytingar á verkefnum og gjaldskrárheimildum Kvikmyndasafns Íslands, sem og á verkefnum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, sem munu ekki hafa áhrif á áætlaðar fjárheimildir stofnananna.

Að lokum telur ráðuneytið rétt að nefna að ríkið gerir kjarasamninga á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, annars vegar og laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, hins vegar. Fjármála- og efnahagsráðherra fer með fyrirvar ríkissjóðs við gerð kjarasamninga. Hann skipar samninganefnd til að annast samninga fyrir sína hönd. Nefndin starfar í nánnum tengslum við kjara- og mannauðssýslu ríkisins sem starfar í umboði ráðherra og er í forsvari fyrir ríkið sem vinnuveitanda. Ekki er hefð fyrir því að ráðherra menningarmála hafi aðkomu að kjaramálum.



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 13. apríl 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar) 153. löggjafarþing 2022-2023, 899. mál

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK), aðildarsamtök Samtaka iðnaðarins, hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar). Fram kemur í greinargerð að markmið frumvarpsins sé einkum að styðja við framleiðslu, sölu og dreifingu leikinna sjónvarpsþátta með vísan til aðgerða í kvikmyndastefnu. Þá sé lögð áhersla á að kvikmyndalögum verði breytt með tilliti til þróunar og breytinga sem hafa átt sér stað í alþjóðlegu þróunar- og fjármögnunarumhverfi sjónvarpsþáttaraða. Horft hafi verið til Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins þar sem styrkir til framleiðslu endurgreiðast samkvæmt ákveðnu hlutfalli af tekjum á heimsvísu af þáttaröð. Ekki er að finna sambærilega heimild til endurgreiðslu í núverandi kvikmyndalögum. Með frumvarpinu er Kvikmyndasjóði heimilt að veita styrki sem geta falið í sér kröfu um endurheimt sambærilega þeim sem Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn veitir.

SÍK fagnar frumvarpinu en það heimilar m.a. nýjan flokk framleiðslustyrkja til lokafjármögnunar á gerð leikinna sjónvarpsþáttaraða. Undanfarin ár hefur SÍK í málflutningi sínum lagt áherslu á mikilvægi þess að auka við stuðning við framleiðslu sjónvarpsþáttaraða ásamt því að styrkja samkeppnisstöðu sjálfstæðra framleiðenda. Mikilvægt er að til staðar sé kerfi sem annar hröðu þróunar- og fjármögnunarferli ört vaxandi verkefna í sjónvarpsgerð. SÍK hefur jafnframt talað fyrir því að slíkt kerfi skuli byggt að fyrirmynd Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins með það að markmiði að ýta undir framleiðslu, sölu og dreifingu leikinna sjónvarpsþáttaraða. Í því samhengi vill SÍK leggja áherslu á mikilvægi þess að nýjum styrkjaflokki fylgi fjárframlög. Þannig er nauðsynlegt að tryggð verði heimild til hækkunar á fjárlögum til Kvikmyndasjóðs til þess að nýr styrkjaflokkur teljist raunhæfur. Að óbreyttu gengur nýr styrkjaflokkur á önnur verkefni innan sjóðsins.

Alla jafna er það mat SÍK að efnistöð frumvarpsins hvað varðar nýjan styrkjaflokk afar jákvætt skref sem tekur mið af knýjandi þörf innan greinarinnar. Fagnar því SÍK tilkomu þessa frumvarps og telur mikilvægt að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Lilja Björk Guðmundsdóttir,

Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins

SAMTÖK KVIKMYNDALEIKSTJÓRA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 13.apríl.2023

Efni: Umsögn frá SKL er varðar frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001, mál nr. 899.

Samtök Kvikmyndaleikstjóra SKL gera engar athugasemdir við framlagðar lagabreytingar.

Hinsvegar tökum við heilshugar undir umsögn FÍL er snýr að tryggara og betra starfsumhverfi fólks í íslenskri kvikmyndagerð. Að ráðning starfsfólks sé ekki einhliða ákvörðun framleiðanda í hverju verkefni heldur sé samið um bæði réttindi og skyldur á tvíhliða grundvelli.

En ekki síst að listamenn njóti velgengi sinna verka með þeim hætti að hagnaði sé deilt til þeirra með réttihafagreiðslum/royalties eins gert er á norðurlöndum, sem og öðrum löndum sem við viljum bera okkur saman við.



Fh stjórnar SKL
Ragnar Bragason